

Gildi

- Traust
- Fagleg
- Framsækin



MENNTAMÁLASTOFNUN

Framtíðarsýn

Að stuðla að auknum gæðum skólastarfs svo nemendur fái notið bestu mögulegu menntunar.

Undirstöður

- Stjórnun og stefnumótun
- Mannauður
- Verkefna- og gæðastjórnun
- Samstarf og upplýsingagjöf
- Aðstaða og búnaður
- Fjármál

Áherslur

- Mat og mælingar
- Námsgögn og miðlun
- Greiningar og gagnaöflun
- Þjónusta

Hlutverk

Að stuðla að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið.

Framtíðarsýn

Menntamálastofnun stuðlar að auknum gæðum skólastarfs
svo nemendur fái notið bestu mögulegrar menntunar.





TRAUST

Við leggjum metnað okkar í að byggja upp traust með vönduðum vinnubrögðum og jákvæðum samskiptum sem einkennast af virðingu, markvissri upplýsingagjöf og gagnsæi.

FAGLEG

Við nýtum fagþekkingu okkar í þágu samfélagsins, tökum ákvarðanir byggðar á faglegum grunni og gögnum og metum árangur okkar reglulega.

FRAMSÆKIN

Við leggjum metnað okkar í að fylgjast með þróun og nýsköpun sem stuðlar að framförum í þágu menntunar.



Hlutverk

Menntamálastofnun tók til starfa þann 1. október 2015 en lög um stofnunina nr. 91/2015 voru samþykkt á Alþingi í júlí það ár. Með lögunum er settur almennur rammi um starfsemi stofnunarinnar en samkvæmt þeim er Menntamálastofnun stjórnáslustofnun á sviði menntamála sem hefur það hlutverk að stuðla að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið. Unnið er að reglugerð þar sem starfsemi stofnunarinnar er nánar skilgreind.

Með stefnunni hefur stofnunin mótað framtíðarsýn, markað megináherslur í starfsemi sinni, skilgreint þær undirstöður sem þurfa að vera til staðar, sett sér markmið og skilgreint kjarnaverkefni.

Stefnan er unnin með aðkomu alls starfsfólks og er leiðarljós stofnunarinnar í öllum hennar verkefnum. Stefnan verður endurskoðuð reglulega.

Verkefni

Stofnunin sinnir þeim verkefnum sem henni eru falin í lögum og af ráðherra. Hluti af verkefnum stofnunarinnar eru hefðbundin stjórnsýsluverkefni en jafnframt sinnir stofnunin verkefnum á sviði þjónustu og ráðgjafar.

Þau verkefni sem stofnunin sinnir eru í meginráttum fjórpætt:

Í fyrsta lagi sér stofnunin öllum grunnskólanemendum fyrir fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum sem eru í samræmi við aðalnámskrá. Í þessu verkefni felast umtalsverðar skyldur, bæði hvað varðar gerð námsefnis og þjónustu við skóla. Einnig er í lögum um Menntamálastofnun gert ráð fyrir að stofnunin geti haft hlutverk varðandi námsgögn á öðrum skólastigum.

Í öðru lagi hefur Menntamálastofnun eftirlit með og metur með mælingum árangur af skólastarfi. Í þessu felst m.a. að stofnunin sér um samræmd könnunarpróf í grunnskólum og önnur próf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Menntamálastofnun sér einnig um ytra mat á leik-, grunn- og framhaldsskólum og framkvæmd stefnu stjórnvalda um eflingu læsis, Þjóðarsáttmála um læsi.

Í þriðja lagi annast Menntamálastofnun söfnun, greiningu og birtingu upplýsinga um menntamál og veitir á grundvelli þeirra stjórnvöldum, fagaðilum og almenningi upplýsingar, leiðbeiningar og ráðgjöf. Stofnunin tekur þátt í alþjóðlegum rannsóknum og vinnur að miðlun samanburðarhæfra upplýsinga um menntamál í gegnum alþjóðleg samstarfsverkefni. Dæmi um slík verkefni eru kannanirnar PISA og TALIS á vegum OECD og Eurydice og Youth Wiki á vegum Evrópusambandsins. Einnig á stofnunin í samstarfi við háskóla- og rannsóknarstofnanir um nýtingu gagna og greiningu þeirra, t.d. rannsóknina Ungt fólk.

Í fjórða lagi hefur Menntamálastofnun með höndum framkvæmd ýmissa stjórnsýsluverkefna. Má þar nefna undirbúning að staðfestingu námsbrautalýsinga framhaldsskóla, viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og framhaldsfræðsluaðila og innritun nemenda í framhaldsskóla. Einnig hefur stofnunin umsjón með matsnefndum, útgáfu leyfisbréfa fyrir kennara, náms- og starfsráðgjafa og bókasafns- og upplýsingafræðinga, mati og viðurkenningu á erlendu starfsnámi og þjónustu við starfsgreinaráð og fagráð eineltismála.

Áherslur

Menntamálastofnun hefur skilgreint fjórar megináherslur í starfsemi sinni í samræmi við hlutverk og framtíðarsýn. Þær eru:

- 1) þjónusta, samstarf og upplýsingagjöf
- 2) mat og mælingar
- 3) námsgögn og miðlun og 4) greiningar og gagnaöflun.

ÞJÓNUSTA, SAMSTARF OG UPPLÝSINGAGJÖF

Skilvirk og góð þjónusta

Menntamálastofnun veitir fjölbreytta og faglega þjónustu. Stofnunin á gott samstarf við stjórnvöld, skólasamfélagið og aðra hagaðila og gefur sjónarmiðum þeirra vægi við ákvarðanatöku. Lögð er áhersla á að fylgja eftir stefnumótun stjórnvalda í menntamálum og vinna að þeim markmiðum sem þar eru sett.

Áhersla er lögð á opin samskipti við hagaðila og fjölmiðla með fréttum og upplýsingamiðlun til þess að auka traust, samvinnu og gagnsæi. Menntamálastofnun vill laða ólíka aðila til samstarfs um þau verkefni sem hún sinnir.

Rafræn stjórnsýsla verður aukin þannig að notendum sé kleift að sækja upplýsingar og þjónustu með skilvirkum hætti og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

MAT OG MÆLINGAR

Mat á gæðum og árangri

Mat og mælingar eru mikilvægur þáttur í öflun upplýsinga og greiningu á stöðu menntakerfisins til að styðja við gæðastarf í skólum og efla hag nemenda.

Menntamálastofnun leggur áherslu á að mat og mælingar hafi traustan grunn í stefnu stjórnvalda og aðalnámskrám og taki mið af alþjóðlegum viðmiðum, gæðum, áreiðanleika og réttmæti.

Menntamálastofnun miðlar niðurstöðum mats og mælinga og veitir ráðgjöf og stuðning um nýtingu þeirra.

NÁMSGÖGN OG MIÐLUN

Vönduð og fjölbreytt námsgögn

Menntamálastofnun sér grunnskólanemum fyrir vönduðu námsefni sem uppfyllir kröfur aðalnámskrár grunnskóla og kemur til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Námsefnið tekur mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða, grunnþáttum og lykilhæfni aðalnámskrár og þekkingu í viðkomandi námsgrein. Þá endurspeglar náms-

efnið eins og kostur er íslenskan veruleika, íslenska tungu og menningararfleifð.

Áhersla er lögð á að auðvelda kennurum nýtingu námsefnis með kynningum og leiðbeiningum og samstarfi við þá sem veita ráðgjöf í skólum. Einnig er leitast við að skapa fjölbreytni í miðlun efnis til nemenda með nýtingu stafrænnar tækni og samstarfi við opinbera aðila og einkaaðila þar um.

GREININGAR OG GAGNAÖFLUN

Markvissar greiningar og gagnaöflun

Menntamálastofnun safnar gögnum um menntakerfið, greinir og vinnur upplýsingar úr þeim og setur í samhengi við menntastefnu og áskoranir á hverjum tíma.

Einnig tekur stofnunin þátt í alþjóðlegum rannsóknum og miðlar upplýsingum um stöðu menntakerfisins með það að markmiði að styðja við stefnumótun í menntamálum. Áhersla er lögð á samstarf um gagnaöflun og greiningar og stuðlað að rannsóknum á sviði menntamála.

Gögn, greiningar og upplýsingar eru birtar og gerðar aðgengilegar almenningi, fagaðilum og stjórnvöldum.



Undirstöður

Til að ná þeim árangri sem að er stefnt eru skilgreindar fimm lykilundirstöður:

- 1) stjórnun og stefnumótun
- 2) mannauður
- 3) verkefna- og gæðastjórnun
- 4) aðstaða og búnaður
- 5) fjármál

STJÓRNUN OG STEFNUMÓTUM

Fagleg og nútímaleg stjórnun

Menntamálastofnun mótar stefnur um málaflokka sína, gerir áætlanir og skipuleggur verkefni út frá bestu þekkingu og alþjóðlegum viðmiðum á grundvelli heildarstefnu og áherslna stjórnvalda.

Leitast er við að veita starfsfólki virka hlutdeild í stjórnun og ákvörðunum innan stofnunarinnar og að það sé upplýst um skipulag, markmið og verkefni hennar.

Verkefni stofnunarinnar eru, eins og kostur er, unnin í teymum þvert á svið og í samstarfi við aðila utan stofnunar. Verkefni eru vel skilgreind, framgangi þeirra er fylgt eftir og unnið er samkvæmt viðmiðum um góða stjórnsýsluhætti, gæða- og verkefnastjórnun og rekstur.

Menntamálastofnun hefur sjónarmið umbóta að leiðarljósi, er opin fyrir nýjungum og gerir breytingar ef þörf krefur. Hún vinnur markvisst að þróun lýðræðislegra vinnubragða og nýtingu upplýsingatækni í verkefnum stofnunarinnar.

MANNAUÐUR

Framúrskarandi mannauður

Mannauðurinn er verðmætasta auðlind Menntamálastofnunar og hjá stofnuninni starfar öflugur hópur sérfræðinga sem er fagfólk á sínu sviði. Stofnunin leggur áherslu á að nýráðningar og starfsþróun endurspegli fjölbreytt viðfangsefni hennar og kröfur nútíma samfélags. Markvisst er unnið að starfsþróun og að starfsfólk fái tækifæri til að viðhalda og efla faglega þekkingu sína, hæfni og reynslu.

Starfsfólk getur samræmt vinnu og fjölskylduábyrgð, vinnutími er sveigjanlegur og starfsfólk er stutt til heilsuræktar.

Jafnrétti er virt í hvívetna og allt starfsfólk nýtur sömu tækifæra og réttinda. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi er ekki liðið innan stofnunarinnar og strax er tekið á málum sem upp koma.

Markvisst er fylgst með viðhorfi og líðan starfsfólks, framkvæmdar eru reglulegar mannauðsmælingar og unnið með niðurstöður þeirra.

VERKEFNA- OG GÆÐASTJÓRNUN

Skipulag og gæði verkefna

Menntamálastofnun vinnur eftir verkefna- og gæðastjórnun í starfsemi sinni í þágu skilvirkni, hagkvæmni og góðrar þjónustu.

Notuð er aðferðafræði verkefnastjórnunar við framkvæmd verkefna og haldin er verkefnaskrá sem endurspeglar stöðu verkefna hjá stofnuninni hverju sinni.

Verkefni stofnunarinnar eru unnin eftir skilgreindum verkefnum sem stuðla að auknum gæðum við framkvæmd verkefna.

Unnið er að innleiðingu vottaðs og virks stjórnunarkerfis um upplýsingaöryggi og litið er til upplýsingaöryggis við hönnun verklagsreglna, vinnulýsinga, upplýsingakerfa og stýringa.

AÐSTAÐA OG BÚNAÐUR

Sveigjanleg aðstaða og tækni sem styður við starfsemina

Skipulag húsnæðis og annar aðbúnaður starfsfólks er einn af lykilþáttum þess að starfsemi stofnunarinnar gangi vel. Öryggi, heilnæmi, sveigjanleiki og hagkvæmni er haft að leiðarljósi við skipulag á húsnæði stofnunarinnar.

Unnið er að samhæfingu og hönnun upplýsingakerfa og aukinni rafrænni stjórnslu í innra og ytra starfi. Stefnt er að því að tölvu- og hugbúnaðarkerfi stofnunarinnar séu ávallt í

samræmi við nútímakröfur og einfaldleiki í rekstri hafður að leiðarljósi.

Allur hugbúnaður skal vera á íslensku ef þess er kostur.

FJÁRMÁL

Skilvirk stýring fjármuna

Skilvirk stýring fjármuna ríkisins er ávallt í fyrirrúmi hjá stofnuninni. Sýnd er ráðdeild í meðferð opinbers fjár og gagnsæi og hagkvæmni í rekstri eru höfð að leiðarljósi. Stofnunin nýtir rammamninga og útboð Ríkiskaupa og farnar eru hagkvæmustu leiðir við innkaup. Kostir rafrænnar stjórnslu og sameiginlegrar þjónustu á vegum ríkisins eru nýttir.

Mörkuð er stefna um nýtingu fjármuna í samræmi við lög um opinber fjármál og stefnuáherslur mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í fjárhagsáætlun til fimm ára er mörkuð stefna um hvernig fjármunir verða nýttir í helstu verkefni og settir mælikvarðar um árangur. Verkefnastjórnunarkerfi og verkþókhald er nýtt við fjárhagslega greiningu þannig að fyrir hendi sé gagnsætt yfirlit um raunkostnað við helstu verkefni.

Virkt innra eftirlit er haft með verkefnum, sviðum og stofnuninni í heild með því að skipuleggja eftirlitsumhverfi, vinna áhættumat, afla upplýsinga og vakta helstu þætti. Mánaðarleg eftirfylgni er með fjárhagsáætlun og brugðist er við ef verkefni eru ekki á áætlun.

Aðgerðaáætlun

AÐGERÐAÁÆTLUN 2019-2021

Í aðgerðaáætlun eru sett fram fimm meginmarkmið út frá áherslum og undirstöðum. Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind starfsmarkmið, sem stofnunin mun útfæra nánar í tímasettar aðgerðir, og ábyrgð skilgreind.

MEGINMARKMIÐ 1: SKILVIRK OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

- 1. Starfsmarkmið:** Árangur verkefna sé metinn árlega og lýsingar endurskoðaðar út frá markmiðum í fjármálaáætlun ríkisstjórnar og stefnu ríkisaðila.
✓ **Mat á árangri:** Matskýrsla með endurskoðuðum verkefnalýsingum vegna fjármálaáætlunar (stefnu ríkisaðila) liggja fyrir í byrjun september 2019 og síðan árlega.
- 2. Starfsmarkmið:** Mótuð verði aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu kynningarstefnu.
✓ **Mat á árangri:** Gerð aðgerðaáætlunarinnar og innleiðingu hennar verði lokið fyrir árslok 2019.
- 3. Starfsmarkmið:** „Mælaborð menntamála“. Útbúið verði viðmót þar sem nálgast megi helstu upplýsingar, greiningar og niðurstöður mats og mælinga hjá stofnuninni með aðgengilegum hætti.
✓ **Mat á árangri:** Fyrsta útgáfa mælaborðs menntamála verði tilbúin fyrir árslok 2021.
- 4. Starfsmarkmið:** Mótuð verði stefna og aðgerðaáætlun fyrir innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu hjá stofnuninni.
✓ **Mat á árangri:** Gerð stefnu- og aðgerðaáætlunar verði lokið fyrir árslok 2019. Innleiðingu stefnu verði lokið fyrir árslok 2020.
- 5. Starfsmarkmið:** Mótuð verði aðgerðaáætlun fyrir uppfærslu og áframhaldandi þróun á heimasíðu Menntamálastofnunar.
✓ **Mat á árangri:** Innleiðingu aðgerðaáætlunar verði lokið fyrir árslok 2019.
- 6. Starfsmarkmið:** Uppbygging þjónustumiðstöðvar (tækniteymis og þjónustuvers).
✓ **Mat á árangri:** Lokið verði við að skilgreina og móta verkefni þjónustumiðstöðvar stofnunarinnar fyrir árslok 2019.

MEGINMARKMIÐ 2: MAT Á GÆÐUM OG ÁRANGRI

- 7. Starfsmarkmið:** Ljúka við og endurskoða ytra mat á öllum grunnskólum, endurskoða framkvæmd mats á leikskólum og viðmið fyrir mat á framhaldsskólum.
- ✓ **Mat á árangri:** Lokið verði við ytra mat á öllum grunnskólum haustið 2021. Áætlun um framhald ytra mats í grunnskólum liggja fyrir á þeim tíma. Lokið verði við endurskoðun á framkvæmd um mat á leikskólum árið 2019. Lokið verði við ytra mat á öllum framhaldsskólum árið 2020 og endurskoðun á viðmiðum fyrir mat á framhaldsskólum liggja fyrir á þeim tíma.

- 8. Starfsmarkmið:** Opna Lesferilsvef og ljúka gerð mats-tækja Lesferils.
- ✓ **Mat á árangri:** Lesferilsvefur opni eigi síðar en í byrjun árs 2019. Gerð og innleiðingu eftirfarandi matstækja verði lokið fyrir lok árs 2020: Stuðningspróf, Orðarún, Orðalykill, Hljóm-2, Réttritun-mat á stafsetningu og Mat á ritun.

- 9. Starfsmarkmið:** Verklag við gerð og framkvæmd samræmdra könnunarprófa verði endurskoðað í samræmi við stefnu stjórnvalda. Niðurstöður samræmdra prófa verði gerðar aðgengilegri fyrir kennara og stjórnendur þannig að þær nýtist betur við þróun kennslu og skólastarfs.
- ✓ **Mat á árangri:** Endurskoðun á verklagi verði lokið fyrir árslok 2020. Lokið verði við nýtt viðmót fyrir niðurstöður samræmdra könnunarprófa í Skólagátt fyrir lok árs 2019.



MEGINMARKMIÐ 3: FJÖLBREYTT OG VÖNDUÐ NÁMSGÖGN

- 10. Starfsmarkmið:** Aukin verði útgáfa námsefnis sem kemur til móts við þarfir ólíkra nemendahópa, s.s. tákn- málsnemenda og nemenda með íslensku sem annað tungumál, (ÍSAT) og útgáfustefna stofnunarinnar taki mið af því.
- ✓ **Mat á árangri:** Gefnir verði út að lágmarki 5 titlar fyrir ÍSAT-nemendur fyrir árslok 2020. Hönnun viðmóts fyrir tákn málsnemendur verði lokið og 15 titlar verði gefnir út í því viðmóti fyrir árslok 2020.
- 11. Starfsmarkmið:** Mótuð verði gæðaviðmið um námsefni fyrir nemendur á skólaskyldualdri.
- ✓ **Mat á árangri:** Ný gæðaviðmið fyrir námsefni verði gefin út á árinu 2019.
- 12. Starfsmarkmið:** Framboð á stafrænu efni og miðlun myndefnis til skóla verði aukið í samstarfi við opinbera aðila og einkaaðila.
- ✓ **Mat á árangri:** Vefgátt fyrir miðlun myndefnis til skóla verði opnuð á fyrri hluta ársins 2020.
- 13. Starfsmarkmið:** Sett verði af stað tilraunaverkefni í útgáfu samþætts námsefnis.
- ✓ **Mat á árangri:** Í lok árs 2022 verði til safn verkefna sem eru tengd grunnþáttum, hæfniviðmiðum og lykilhæfni nógildandi aðalnámskrár.

MEGINMARKMIÐ 4: MARKVISSAR GREININGAR OG GAGNAÖFLUN

- 14. Starfsmarkmið:** Unnin verði áætlun um reglulegar greiningar gagna og birtingu upplýsinga um menntamál.
- ✓ **Mat á árangri:** Gerð áætlunar verði lokið fyrir árslok 2019.
- 15. Starfsmarkmið:** Skilgreindir verði tölfræðilegir mælikvarðar til að fylgjast með stöðu og þróun menntakerfisins sem nýst geti stjórnvöldum til stefnumótunar og aðgerða.
- ✓ **Mat á árangri:** Mælikvarðar liggi fyrir í lok árs 2020.



MEGINMARKMIÐ 5: ÖFLUGAR UNDIRSTÖÐUR

16. Starfsmarkmið: Samráð og samstarf við ráðgjafanefnd, fagráð og aðra samstarfsaðila um áherslur og verkefni stofnunarinnar verði aukið.

✓ **Mat á árangri:** Fundir ráðgjafanefndar og fagráða verði að lágmarki fjórir á ári. Samstarfssamningum við háskóla og aðra samstarfsaðila verði fjölgað í tíu fyrir lok árs 2020.

17. Starfsmarkmið: CAF-sjálfsmat verði endurtekið.

✓ **Mat á árangri:** Lokið verði við 2. umferð CAF-sjálfsmats fyrir árslok 2019. Stigagjöf frá 1. umferð árið 2017 sýni jákvæða þróun.

18. Starfsmarkmið: Aðbúnaður og líðan starfsfólks sé með því besta sem gerist hjá sambærilegum stofnunum.

✓ **Mat á árangri:** Stofnunin verði meðal efstu 20 stofnana í sínum flokki í könnuninni Stofnun ársins fyrir árið 2021.

19. Starfsmarkmið: Innleiðing jafnlaunastaðals.

✓ **Mat á árangri:** Innleiðingu jafnlaunastaðals verði lokið fyrir árslok 2019.

20. Starfsmarkmið: Fyrir hendi sé gagnsætt yfirlit um raunkostnað helstu verkefna.

✓ **Mat á árangri:** Verkbókhald verði innleitt fyrir öll alþjóðleg verkefni og kostnaðargreining unnin fyrir 10 stærstu verkefni stofnunarinnar fyrir lok árs 2019.

21. Starfsmarkmið: Innleiðing vottaðs og virks stjórnunarkerfis um upplýsingaöryggi samkvæmt ÍST ISO 27001.

✓ **Mat á árangri:** Innleiðingu ÍST ISO 27001 verði lokið fyrir árslok 2021.

22. Starfsmarkmið: Lokið verði við breytingar á húsnæði stofnunarinnar, sem bæti aðstöðu starfsfólks og dragi úr fjölda í opnum rýmum, fyrir lok árs 2019.

✓ **Mat á árangri:** Mælingar á viðhorfi starfsfólks til aðstöðu og búnaðar sýni jákvæða þróun.

23. Starfsmarkmið: Græn skerf í ríkisrekstri verði innleidd.

✓ **Mat á árangri:** Lokið verði við innleiðingu á skrefi þrjú í Grænum skrefum fyrir árslok 2021.





MENNTAMÁLASTOFNUN